



Þú getur afgreitt þig sjálf/ur



Upplýsingar um hvernig er hægt að afgreiða mjög margt sjálfur í gegnum vef (www.rsk.is), tölvupóst (rsk@rsk.is) eða fá aðstoð í síma 4421000.

Skattframtal einstaklinga

Ef þú þarft að skila skattframtali þá er það gert í gegnum þjónustuvefinn, www.skattur.is.

- Þegar komið er á þjónustuvefinn þarf að byrja á því að skrá sig inn.
- Mælt er með því að nota rafræn skilríki við að skrá sig inn á þjónustuvefinn.
- Nánari upplýsingar um rafræn skilríki er hægt að sjá á www.rsk.is ([Sjá hér](#)).
- Einnig er hægt að nota veflykil til að komast inn á þjónustuvefinn. Ef þú átt ekki veflykil er hægt að sækja um hann á þjónustuvefnum, www.skattur.is og velja „Sækja veflykil“ og velja um að fá hann sendan í heimabanka eða á lögheimili þitt.

Þótt almennur framtalsfrestur sé liðinn er enn hægt að skila skattframtali og best að gera það sem fyrst.

Bent er á einfaldar leiðbeiningar um framtalsskil á ensku og pólsku sem finna má á www.rsk.is ([Sjá hér](#))

Staðfest afrit skattframtals

Hægt er að sækja staðfest afrit skattframtals á þjónustuvefinn, www.skattur.is. Sjá nánari leiðbeiningar á www.rsk.is ([Sjá hér](#))

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er unnt að senda póst framtal@rsk.is eða hringja í síma 4421000/4421414.

Raunverulegir eigendur félaga og félagasamtaka

Tímafrestur til skráningar á raunverulegum eigendum félaga og félagasamtaka rann út 1. mars. Enn er þó unnt að bæta úr án sekta en síðustu forvöð eru 30. mars n.k.

Miklar upplýsingar eru á www.rsk.is um þær reglur sem gilda um skráningu raunverulegra eigenda bæði félaga ([Sjá hér](#)) og félagasamtaka ([Sjá hér](#)).

Einnig eru á www.rsk.is leiðbeiningar um afskráningu/slit félagasamtaka en mörg eldri félög hafa fyrir löngu hætt starfsemi en ekki gengið frá afskráningu. ([Sjá hér](#))

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er unnt að hringja í síma 4421000.

Fyrirtækjaskrá

Mjög miklar upplýsingar og leiðbeiningar eru um stofnun félaga, raunverulega eigendur, breytingar og slit félaga á www.rsk.is ([Sjá hér](#)).

Vottorð

Ef verið er að óska eftir vottorðum úr fyrirtækjaskrá eru leiðbeiningar um það á þessari slóð: ([Sjá hér](#)).

Númer vottorðs er **RSK 17.60**.

Sendu þarf beiðni um gögn/vottorð á fyrirtaekjaskra@rsk.is og greiða fyrir þau samkvæmt gjaldskrá sem birt er á www.rsk.is ([Sjá hér](#)).

Hægt er að ganga frá greiðslu í Íslandsbanka: 0515-26-723000, kenntala: 540269-6029

Kerfiskennitölur

Sótt er um kerfiskennitölu vegna stjórnarsetu á eyðublaði **RSK 17.62**. ([Sjá hér](#)). Fylla þarf út umsóknina eins og form hennar gerir ráð fyrir og senda til fyrirtækjaskrár með tilkynningu um stofnun félags eða tilkynningu um breytingu þar sem verið er að skrá viðkomandi aðila inn.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er unnt að hringja í síma 4421000.

Staðgreiðsla opinberra gjalda

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu vegna launagreiðslna til launamanna og reiknaðs endurgjalds atvinnurekenda er 1. hvers mánaðar eftir lok uppgjörstímabils og eindagi 15. sama mánaðar.

- Sem dæmi er gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu vegna febrúarmánaðar 1. mars og eindagi 15. mars.
- Launagreiðandi sem skilar staðgreiðslu með rafrænum hætti fær sendan tölvupóst 2-3 dögum fyrir eindaga þar sem minnt er á skil.
- Hjá þeim sem skila rafrænt stofnast krafa í vefbanka en aðrir þurfa að gera skil hjá innheimtumanni ríkissjóðs (0001-26-25111 og kt. 540269-6459).
- Sé krafa ekki greidd á eindaga fellur hún brott úr heimabankanum og ný eftirstöðvakrafa/kröfur stofnast með vanskilaviðurlögum sem eru mismunandi eftir tegund kröfunnar.
- Nánar má lesa um greiðslu ýmissa gjalda hér: ([Sjá hér](#))

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er unnt að hringja í síma 4421000.

Virðisaukaskattur

Ef þig vantar leiðbeiningar og upplýsingar um virðisaukaskatt má finna mjög margt á www.rsk.is, m.a. um skráningu, uppgjör og skatthlutföll, ([Sjá hér](#)).

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er unnt að hringja í síma 4421000.

Innheimta

Skatturinn innheimtir skatta og gjöld fyrir ríkissjóð í umdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ, Kjósarhrepp, Hafnarfjörð, Garðabæ og Kópavog.

Upplýsingar um bankareikninga, innheimtubríf, innheimtukostnað o.fl. er að finna á www.rsk.is ([Sjá hér](#)).

Nánar má lesa um greiðslu ýmissa gjalda hér: ([Sjá hér](#)).

Gjaldendur geta kynnt sér greiðslustöðu sína hjá innheimtumanni ríkissjóðs á www.skattur.is og www.island.is.

Ef óskað er eftir að gera greiðsluáætlun eða fá upplýsingar um vanskilainnheimtu er hægt að senda fyrirspurn á vanskil@rsk.is.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er unnt að hringja í síma 4421000.

Vottorð

Ef þig vantar vottorð, t.d. tekjuvottorð, skattskylduvottorð, launagreiðendaskrárvottorð, vsk vottorð er hægt að fylla út umsókn um það **RSK 14.10** ([Sjá hér](#)) og senda hana á rsk@rsk.is.

Greiða þarf 2.500 kr. fyrir vottorðið. Hægt er að ganga frá greiðslu í Íslandsbanka: 0515-26-723000, kenntala: 540269-6029.

Frumrit vottorðs er sent á lögheimili umsækjanda.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er unnt að hringja í síma 4421000.

Staðfesting/afhending á skjölum

Ef þú þarft að fá skjöl staðfest og stimpluð þarf að koma með þau í afgreiðslur Skattsins og sækja þau aftur eftir tvo daga.

Kerfiskennitala

Ef þú þarft að sækja um kerfiskennitölu skaltu sækja umsókn um það á www.rsk.is.

Umsóknin er númer **RSK 3.30** ([Sjá hér](#)) ef um er að ræða umsókn vegna launamanns en **RSK 17.62** ef um er að ræða umsókn til erlends ríkisborgara vegna stjórnarsetu ([Sjá hér](#)).

Vegna launaðs starfs:

- Fylla þarf út umsóknina eins og formið gerir ráð fyrir.
- Mundu að fá launagreiðanda þinn til að undirrita umsóknina líka.
- Ekki gleyma að setja tölvupóstfangið þitt í umsóknina.
- Sendu umsóknina ásamt mynd af vegabréfi eða ferðaskilríki til kerfiskennitolur@rsk.is
- Umsóknin verður síðan send til Þjóðskrár Íslands og þaðan muntu fá tölvupóst þegar kerfiskennitalan er tilbúin.

Vegna stjórnarsetu:

- Fylla þarf út umsóknina eins og formið gerir ráð fyrir.
- Beiðni um kennitölu þarf að berast til fyrirtækjaskrár með tilkynningu um stofnun félags eða tilkynningu um breytingu þar sem verið er að skrá viðkomandi aðila inn.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er unnt að hringja í síma 4421000.

Tölvupóstur á pólsku

Ef þú talar pólsku, en hvorki íslensku né ensku, er hægt að senda inn fyrirspurn á polska@rsk.is

